

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Stella Rúnarsdóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 3.3.2022
UST202203-031/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing – Deiliskipulag fyrir Stórholt, Smáholt og Litla Holt - Flóahreppur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Flóahrepps er barst 1. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að deiliskipulagi fyrir landbúnaðarhverfi í landi Stórholt, Smáholts og Litla Holts

Í greinargerð kemur fram meginmarkmið deiliskipulagsins er að afmarka lóðir og skilgreina byggingarreiti, en landeigendur hafa í hyggju að sameina ofangreindar jarðir og skipta niður í 10-12 ha smábýli / jarðir og innan smábýlisjarðanna verði m.a. gert ráð fyrir heimildum sem taka til uppbyggingar á íbúðarhúsum og útihúsum. Auk þess kemur fram að gert er ráð fyrir því að innan jarðanna megi stunda landbúnað og minni háttar atvinnurekstur í samræmi við heimildir aðalskipulags. Auk þess segir að markmiðið er, að skipulagið í heild sinni sé að mestu, sjálfbært og umhverfisvænt. Skipulagssvæðið eru u.þ.b. 119 ha að stærð.

Þjósárhraun

Í greinargerð kemur fram landið er tiltölulega flatt graslendi, jarðvegur er þunnur og stutt niður á hraun.

Umhverfisstofnun bendir á að hraunið á svæðinu nefnist Þjósárhraun og fellur hraunið undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að ofangreint komi fram í greinargerð tillögunnar og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask hraunsins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun í greinargerð og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur